



## **Stokksnesvegur (9720-01) í Sveitarfélaginu Hornafirði**

Almannaskarð – Leirtjörn

Svör Vegagerðarinnar við athugasemdum og umsögnum vegna könnunar á matsskyldu framkvæmdarinnar \_\_\_\_\_

**Vegagerðin**

Máí 2026

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
<b>1 Yfirlit .....</b>	<b>3</b>
<b>2 Athugasemdir umsagnaraðila og svör framkvæmdaraðila við þeim .....</b>	<b>4</b>
2.1 Landhelgisgæsla Íslands .....	4
2.2 Landsnet .....	4
2.3 Náttúruverndarstofnun.....	5
2.4 Náttúrufræðistofnun.....	5
2.5 Rarik .....	6
2.6 Minjastofnun .....	6

Loftmynd á forsiðu frá Loftmyndum ehf.  
Yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugað framkvæmdasvæði

# 1 Yfirlit

---

Vegagerðinni hafa borist 7 umsagnir vegna könnunar á matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda við Stokksnesveg (9720-01), milli Almannaskarðs og Leirtjarnar.

Þær eru frá:

1. Sveitarfélaginu Hornafirði, dagsett 07.05.2026
2. Landhelgisgæslu Íslands, dagsett 12.05.2026
3. Landsneti, dagsett 12.05.2026
4. Náttúruverndarstofnun, dagsett 13.05.2026
5. Náttúrufræðistofnun, dagsett 15.05.2026
6. Rarik, dagsett 18.05.2026
7. Minjastofnun dagsett 19.05.2026

Umsögn frá Sveitarfélaginu Hornafirði krefst ekki viðbragða að hálfu framkvæmdaraðila og því er ekki fjallað nánar um hana hér.

Aðrar umsagnir krefjast viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila og í eftirfarandi umfjöllun, eru þau efnisatriði birt sem þarfnast viðbragða að hálfu framkvæmdaraðila, og svör framkvæmdaraðila við þeim.

## 2 Athugasemdir umsagnaraðila og svör framkvæmdaraðila við þeim

### 2.1 Landhelgisgæsla Íslands

Landhelgisgæsla Íslands sem rekur ratsjárstöð á Stokksnesi, gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina en vekur athygli á eftirfarandi atriðum í umsögn sinni (skáletraður texti):

- Að nærri veginum er vatnsból sem skilgreint er sem öryggissvæði skv. auglýsingu nr. 694/2021 um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða.*
- Að rafstrengur, vatnslögn og ljósleiðari liggja í eða við núverandi vegstæði og að mikilvægt er að sem minnstar truflanir verði á rekstri þeirra veitna vegna verksins.*
- Að grjóthrun getur fallið á veginn eftir mestallri veglínunni.*

#### Svör Vegagerðarinnar:

- Vegagerðin þakkar ábendinguna og bendir á að við framkvæmdina mun vegurinn verða færður fjær öryggissvæðinu en engu að síður mun veghelgunarsvæðið ná líttillega inn fyrir öryggisgirðingu eftir færslu vegarins. Öryggissvæðið verður birt á útboðsteikningum og þess verður gætt að framkvæmdirnar verði alfarið utan þess og raski því á engan hátt.
- Vegagerðinni er kunnugt um þessar lagnir og mun verða í samstarfi við lagnaeigendur um flutning þeirra.
- Vegagerðinni er kunnugt um hættu á grjóthruni þar sem vegurinn liggur um skriður. Ekki er möguleiki á að færa veglínuna en hættan verður lágmarkuð með því að vegrásin verði mótuð með hrunhættu í huga þar sem hættan er mest.

### 2.2 Landsnet

Landsnet bendir á í umsögn sinni að *Hólalína 1* sem er 132 kV loftlína á vegum Landsnets liggja innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, nærri stöð 600 en Landsneti hafi ekki borist beiðni um að veita umsögn, né séu þeir nefndir á yfirliti yfir samráðsaðila. Jafnframt benda þeir á að svæði sem áætlað er sem vinnubúðir og athafnasvæði verktaka verði á svæði við stöð 600 sem er nærri ofangreindri háspennulínu.

Landsnet minnir á að leyfi Landsnets þurfi vegna framkvæmda innan helgunarsvæðis háspennulínu fyrirtækisins og vegna vinnu nálægt flutningvirki í rekstri, þar með talið háfermisflutninga undir spennulínum fyrirtækisins.

**Svör Vegagerðarinnar:**

Vegagerðin þakkar ábendingar um að Landsnet hafi ekki verið nefnt á lista yfir samráðsaðila og að vantað hafi umfjöllun um *Hólalínu 1* sem liggur í jaðri fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Vegagerðin ítrekar að samráð verður haft við eigenda hennar vegna fyrirhugaðra framkvæmda og staðsetningu á athafnasvæði fyrir verktaka. Jafnframt mun Vegagerðin afla nauðsynlegra leyfa vegna framkvæmda innan helgunarsvæða háspennulínunnar og vegna háfermisflutinga verði um slíkt að ræða.

**2.3 Náttúruverndarstofnun**

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar koma fram eftirfarandi athugasemdir og ábendingar:

- a) Svæði á náttúruminjasrá – þar leggur stofnunin áherslu á að vandað verði til verka varðandi efnisvinnslu þar sem jarðminjar skulu varðveittar eftir fremsta megni.
- b) Mikilvæg fuglasvæði, Skarðsfjörður – þar er bent á mikilvægi þess að koma í veg fyrir alla mögulega mengun sem borist gæti í leirurnar í Skarðsfirði. Jafnframt er bent á að æskilegt væri að huga að því að halda framkvæmdum utan varptíma eins og kostur er.
- c) Sérstök vernd – bent er á mikilvægi þess að gæta varúðar við framkvæmdir t.d.m. með því að undirbúa mengunarvarnir vel ásamt því að passa upp á vatnsflæði og vatnsstöðu.

**Svör Vegagerðarinnar:**

- a) Vegagerðin tekur undir það og mun leitast við að halda raski í lágmarki.
- b) Vegagerðin mun huga sérstaklega vel að mengunarvörnum í nágrenni við leirusvæði Skarðsfjarðar og stefnt verður að því að framkvæmdir verði utan bæði fartíma fugla og varptíma þeirra.
- c) Í framkvæmdinni er gert ráð fyrir að endurnýja og/eða yfirfara öll ræsi á svæðinu til að gæta að vatnsflæði og vatnsstöðu á svæðinu. Þá verða gerðar kröfur um mengunarvarnir í útboðslýsingu.

**2.4 Náttúrufræðistofnun**

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar koma fram eftirfarandi athugasemdir og ábendingar:

- a) Að mögulega sé votlendi á svæðinu meira en það sem vistgerðakort gefa til kynna. Jafnframt er bent á að votlendi og sjávarfitjar sem helst er að finna við Klifatanga, njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og því æskilegt að raski sé haldið í lágmarki.
- b) Að efnistaka úr skriðum sé almennt óæskileg þar sem hún hafi veruleg sjónræn áhrif í landslagi og að hún geti raskað jafnvægi skriðunnar og valdið

hruni. Lagt er til að skoða hvort hægt sé að sleppa alveg efnistöku úr skriðum.

- c) Hámarkshraði á veginum sé núna 80 km/klst. og leiðbeinandi hraði 40-60 km/klst á hluta vegarins en að við endurbyggingu á veginum sé hætt við að umferðarhraði aukist sem gæti haft slæm áhrif á fuglalíf.

#### **Svör Vegagerðarinnar:**

- a) Vegagerðin tekur undir það að vistgerðakort NÍ eru ónákvæm en bendir á að ónákvæmnin getur bæði falist í ofmati og vanmati. Vegagerðin áréttar að vegurinn verður færður fjær ströndinni við Klifatanga þar sem sjávarfitjar er helst að finna. Almennt verður leitast við að halda raski í lágmarki við framkvæmdirnar en Vegagerðin mun leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess í nágrenni þeirra svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd.
- b) Efnistaka mun einungis verða í námum sem eru á skipulagi og á svæðum sem þegar hefur verið raskað með efnistöku. Lögð verður áhersla á að efnistaka í skriðum raski ekki jafnvegi þeirra.
- c) Vegagerðin ítrekar að eins og fram kemur í kynningarskýrslu er fyrirhugað að hámarkshraði á veginum verði 70 km/klst að framkvæmdum loknum, með leiðbeinandi 50-60 km/klst á völdum köflum. Vegagerðin er tilbúin að setja upp varúðarskilti vegna fugla þar sem það á við.

## **2.5 Rarik**

Rarik gerir ekki athugasemd við framkvæmdina en óskar eftir tímanlegu samtali til að hægt sé að undirbúa færslu á strengjum með góðum fyrirvara.

#### **Svar Vegagerðarinnar:**

Vegagerðinni hefur þegar verið í sambandi við Rarik vegna framkvæmdarinnar og mun hafa samráð um færslu lagna þegar þar að kemur.

## **2.6 Minjastofnun**

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að skv. fornleifaskráningu sem Sagnabrunnur ehf. vann árið 2026 voru 10 fornleifar skráðar innan skilgreinds skráningarsvæðis. Stofnunin kom með eftirfarandi athugasemdir og ábendingar.

- a) Einn minjastaður (3556-007) sem er heimild um sel, er skráð nærri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem mun koma til með að ná rétt inn fyrir friðhelgunarsvæði hennar. Ekki sást til minja á vettvangi og því er minjastaðurinn ekki staðsettur nákvæmlega en Minjastofnun bendir á mikilvægi þess að fara með aðgát við framkvæmdir og hafa í huga að ef fornminjar koma í ljóst við framkvæmdir verði þær stöðvar og stofnunni gert viðvart.
- b) Norðaustan við veginn eru skráðar fornleifar; tóft (3556-003), garðlag (3556-004), tóft (3556-005), garðlag (3556-006 og gata (3556-010). Fyrirhugaðar framkvæmdir ná ekki inn fyrir friðhelgunarsvæði þeirra en lagt er til að

merkja þessa staði með áberandi hætti á meðan á framkvæmdum stendur svo þær verði ekki fyrir raski af vangá.

- c) Aðrar þekktar fornleifar eru í nokkuð góðri fjarlægð frá fyrirhuguðum framkvæmdum en Minjastofnun bendir á að með því að láta afstöðu allra fornleifa koma fram á verkeikningum sé verið að upplýsa verktaka og aðra framkvæmdaðila um tilvist þeirra og með því að merkja þær á vettvangi með skýrum hætti sé verið að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski af vangá.
- d) Þá bendir Minjastofnun á að þeirra sé ekki getið í kafla 1.8 um leyfisveitendur né í kafla 7.1 um samráðsaðila.

#### **Svör Vegagerðarinnar:**

- a. Vegagerðin ítrekar að ef í ljós koma fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma mun Vegagerðin hafa samráð við Minjastofnun um aðgerðir.
- b. Vegagerðin mun merkja þessa minjastaði með áberandi hætti á meðan á framkvæmdum stendur.
- c. Vegagerðin mun sýna staðsetningu allra skráðra fornleifa á verkeikningum til verktaka og merkja staðina á meðan á framkvæmdum stendur.
- d. Varðandi það að Minjastofnunar sé ekki getið í kafla 1.8 um leyfisveitendur leit Vegagerðin svo á að þar sem niðurstöður fornleifaskráningar á svæðinu bentu til þess að ekki væri hætt á að forminjum yrði raskað við fyrirhugaðar framkvæmdir væri ekki þörf á að tiltaka Minjastofnun sérstaklega sem leyfisveitenda. Varðandi samráð telur Vegagerðin að það hafi farið fram í undirbúningi framkvæmda og bendir á að í niðurstöðu fyrrgreindrar fornleifaskráningar hafi komið fram að ekki væri þörf á mótvægisáðgerðum vegna framkvæmdanna.

Vegagerðin ítrekar að ef fornleifar finnast á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma þá mun Vegagerðin hafa samráð við Minjastofnun um aðgerðir eins og lög gera ráð fyrir.